

Ed.

**866. Frumvarp til lögréttulaga.**

[187 mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 365 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Vera skulu tveir dómstólar, sem nefnast lögréttur: Lögrétta suður- og vesturlands í Reykjavík og lögrétta norður- og austurlands á Akureyri. Mörk umdæmanna eru mörk Suður- Múlasýslu og Skaftafellssýslu og mörk Strandasýslu og Húnavatnssýslu.

Regluleg dómþing skulu haldin utan Reykjavíkur og Akureyrar, þar sem þörf krefur.

12. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum viðkomandi lögréttu, hvaða daga, hvar og hvenær dags halda skuli dómþing, og skal þar m. a. kveðið á um þingleyfi. Aukadómþing í Reykjavík og á Akureyri ákveður formaður dóms. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um regluleg dómþing utan Reykjavíkur og Akureyrar, sbr. 2. mgr. 1. gr. Dómsformaður getur ákveðið, að einstök þing skuli háð utan þessara staða og að þar skuli farið með tiltekið mál eða hluta þess. Þeirri ákvörðun má hrinda með meiri hluta atkvæða í dómi. Ákvarðanir ráðherra um efni þessarar greinar skal birta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.